

Ný sending



Loðfóðraðir kuldaskór fyrir alla fjölskylduna. Tilvaldir skór fyrir íslenska veðráttu, þola frost og bleytu. Mjög slitsterkir.

Litur: Dökkbrúnt
Stærðir 24—46
Verð frá
2315 til
3465

Skóverzlun **Póstsendum**

Þórðar Péturssonar

Kirkjusræti 8 v/ Austurvöll. Sími 14181

BIFREIÐASTILLINGAR

Við framkvæmum véla-, hjóla-, ljósastillingu og ballansstillingu á hjólbörðum

Eftirfarandi atriði eru yfirfarin í vélastillingu:

1. Skipt um kerti og platinur.
2. Mæld þjappa.
3. Athuguð og stillt víftureim.
4. Hreinsuð eða skipt um loftsiu.
5. Stilltur blöndungur og kveikja.
6. Mældur startari, hleðsla og geymir.
7. Mældir kertapræðir.
8. Stilltir ventlar.
9. Hreinsuð geymasambönd.
10. Hreinsuð öndunarventill.
11. Hreinsuð eða skipt um bensinsiu
12. Þrýstiprufað vatnskerfi



Vélastilling sf.
AUÐBREKKU 51
KÓP. SÍMI 43140
O. ENGLBERTSSON H/F

Laust starf — Grindavík

Laust er starf á skrifstofu bæjarfógetans í Grindavík.

Vinnutími frá kl. 12.00 til 17.00 alla virka daga nema laugardaga.

Laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til undirritaðs fyrir 15. nóvember nk.

Bæjarfógetinn í Grindavík, Keflavík og Njarðvík. Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, Vatnsnesvegi 33, Keflavík.



Creda taupurrkarar

Veruleg verðlækkun á CREDA TD 275 (2,75 kg) þurrkurum vegna lækkunar á gengi sterlingspundsins.

Fyrirliggjandi útblástursbarkar og veggfestingar fyrir TD 275.

SMYRILL
ÁRMÚLA 7 — SÍMI 84450

Um samklippingar Magnúsar að Kjarvalsstöðum

Undanfarin misseri hefur töluvert borið á samklippingum og álímingum (collage) í myndverum ungra listmálara, mörgu listáhugafólki til hrellingar. „Rusl“, „rifrildi“ og „móðgun“, — þetta eru upphrópanir sem flogið hafa um sýningarsali þessara listamanna. En samklippingar eru ekki fæddar í gær, þær eiga sér 60 ára hefð erlendis sem meiri háttar listgrein og reyndar langa og slitrótta hefð hér á landi. Á 19. öld var það í tisku að klippa saman blaðsnífsi allskonar og myndir, auk taubúta og að líma skeljar og kuðunga á stokka, á spjöld og þykir mér meir en líklegt að dætur á betri heimilum í Reykjavík hafi stundað þennan leik. Síðan eignumst við klippimyndir Muggs sem unnar eru upp úr 1920, — „Sjöunda dag í Paradís“ sem gerð er úr glitpappir og vatnslitum, svo og ásaumsmyndir hans eins og „Flyðruna“ sem samsett er úr silki, ull og moldvörpukinni. Síðan fíka listamenn eins og Scheving, Þorvaldur og fleiri við samklippingar á árunum kringum 1950 og fyrir Nínu Tryggvadóttur var sá vinnuátt skref í átt til glermyndagerðar hennar. Seinna mætti nefna samklipp manna eins og Einarssonar Þorlákssonar og Sigurjóns Jóhannssonar eftir 1960, svo og samsetningar Braga Asgeirssonar um svipað leyti, en sameiginlegt einkenni nær allra þeirra verka sem gerð eru fram yfir 1970, — ef frásældar eru tímabundnar poppklippingar Sigurjóns og myndir Braga, er að þau eru hjáverk, leikur eða þá hluti af þróun ákveðinnar hugmyndar, — en aldrei uppstaða meiri háttar myndverka.

Stórkostlegir möguleikar

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að myndlistarmenn hér á landi hafa uppgötvað þá stórkostlegu möguleika sem „collage“ býður upp á, eins og þeir koma fram í verkum hinna kúbísku forvera og myndum nokkurra amerískra listamanna. Með samklippingum er hægt að brúa bilið milli hlutveruleikans og hins óhlutbundna, auk þess sem þær opna leiðir til margræðs og ríkulegs samspils ýmisskonar áferðar og lita í myndverki.

Sá listamaður sem nú stendur einna best að vígi á þessu sviði hér er Magnús Kjartansson. Hann klippir saman og limir úr allskyns

úrgangi, en ávallt með óvenju sterkri tilfinningu fyrir myndheild og litgildi. Föng hans hafa ávallt persónulega þýðingu: úrklippur úr blöðum sem hann hefur lesið, sporvagnsmíðar frá Kaupmannahöfn þar sem hann var við nám, arkir utan af póstsendingum sem hann eða kona hans hafa fengið, afgangsgöfúður eða tau úr eigin húsi, nýtæmdir kaffipokar og merki utan af gosdrykkjafloðskum eða öðrum veigum.

Traustir innviðir

Samsetningar Magnúsar eru aldrei háðar tilviljuninni eingingu og innviði mynda sinna treystir hann frekar með ákveðnum pensildráttum sem marka bakgrunn eða skáhallandi slóða, tengja úrklippurnar eða skipta myndfletinum í áherslur. Í sumum myndum hans er snertur af landslagi, en í öðrum afneitar hann rúmsköpun og setur saman einskona myndasögur, þar sem áhorfandinn verður æ að vera á varðbergi, stilla sjón sína og endurskoða ályktanir sínar í samræmi við ummyndanir og útdúra listamannsins. Magnús er ekki fyrr búinn að beina athygli okkar að læsilegri blaðúrklippu eða girnilegum ávesti úr vikuriti þegar hann spöskur bregður fyrir



Geirfínnur fundinn.



ADALSTEINN INGÓLFSSON

Myndlist

Tengli við umheiminn

Tengslin við umheiminn eru því sjaldan rofin til fulls, heldur jafnan undirstrikuð með tilvitnunum í tákn eða merki sem við öll þekkjum. Eitt þeirra er SS merki Sláturfélagsins sem birtist í ýmsum gervum í ótal myndum Magnúsar. Stöku sinnum er hlutverk þess einvörðungu myndrænt og litur þess og lögun notuð sem rím innan í myndheild, annarsstaðar er merkið höndlað af glettni, en oftast má ætla að listamaðurinn sé að vitna í ofneyslu allsnægtarþjóðfélagsins. Listaverk Magnúsar Kjartanssonar eru reyndar öll andóf og afneitun á þesskonar þjóðfélagsins. Listaverk Magnúsar eru allir vegir færir séu hæfileikar og hugsun fyrir hendi.

Sýningu Magnúsar lýkur í kvöld.

Mjög góðar tveggja herbergja íbúðir

við Arnarhraun, Aftamýri, Gaukshóla, Hringbraut og Vallargerði.

Einnig ódýrar

2ja herb. íbúðir við Njálsgötu og Öldugötu. Óvenju hagstætt.

3ja herb. íbúðir

nýlegar og í byggingu, einnig góðar 3ja herb. íbúðir í eldri steinhúsum. Góð kjör í mörgum tilvikum.

EIGNAÞJÓNUSTAN



FASTEIGNA- OG SKIPASALA
NJÁLSGÖTU 23

SÍMI: 2 66 50

Sölu-: Hjörtur Bjarnason
Sölustj.: Örn Scheving
Lögm.: Ólafur Þorláksson

í Norðurmýri

Góð 130 ferm efri sérhæð með mörgu, svo sem góðum bílskúr. Góð eign sem býður upp á mikla möguleika.

Höfum trausta kaupendur

að einbýlishúsum í Arbæjarhverfi, Kópavogi og víðar. Stórar sérhæðir koma einnig til greina. Góð útborgun í boði.

Dagblað án ríkisstyrks



frjálst, óháð dagblað
Það lifir!